

Notkun:

- skyldubundið fyrir efni sem eru hættuleg ósonlaginu,
- æskilegt fyrir önnur efni sem fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) og mælt er með að séu endurnýtt eða endurunnin.

V60 Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum

Notkunarvið:

- efni sem eru hættuleg umhverfinu.

Notkun:

- æskilegt fyrir efni sem fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) og ólíklegt er að almenningur noti.

V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar

Notkunarvið:

- efni sem eru hættuleg umhverfinu.

Notkun:

- yfirleitt notað á efni sem fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N). Æskilegt fyrir öll efni sem flokkuð eru sem hættuleg umhverfinu en falla ekki undir forsendurnar hér að framan.

V62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni- og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar

Notkunarvið:

- fljótandi efni sem fá hættusetningu H65,
- gildir ekki um efni sem eru markaðssett á úðabrusum.

Notkun:

- skyldubundið fyrir framangreind efni ef þau eru aðgengileg fyrir almenning,
- æskilegt fyrir framangreind efni þegar þau eru notuð í iðnaði.

SKIPULAGSSKRÁ

Vörupróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins.

Stofnun.

1. gr.

Í samræmi við lög nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, er með skipulagsskrá þessari stofnaður sjóður er ber heitið Vörupróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútvegsins. Sjóðurinn skal hafa heimilisfang og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Í samræmi við 9. gr. laga nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, hafa verið lagðar fram 80 milljónir króna. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 10 milljónir króna.

Markmið.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla vörupróun og markaðsöflun á síldarafurðum samkvæmt nánari ákvæðum þessarar skipulagsskrár.

4. gr.

Markmiðum sjóðsins skal m.a. náð með veitingu styrkja vegna kostnaðar sem tengist vörubröun og markaðsöflun fyrir síldarafurðir, svo sem kostnaðar vegna rannsókna, tækja-kaupa, kynninga og auglýsinga.

Tekjur og gjöld.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a. Ávöxtunartekjur stofnfjár.
- b. Fjárframlög og gjafir.
- c. Aðrar tekjur.

6. gr.

Gjöld sjóðsins eru sem hér segir:

- a. Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum sjóðsins samkvæmt 3. og 4. gr. hér á undan.
- b. Almennur rekstrarkostnaður sjóðsins.
- c. Önnur útgjöld.

7. gr.

Gæta skal hagsýni í hvívetna við meðferð eigna og fjármuna sjóðsins. Fé sjóðsins skal ætíð ávaxtað á tryggan og arðbæran hátt. Ekki skal ráðstafa hærri fjárhæð á ári hverju en sem nemur árstekjum sjóðsins, auk $\frac{1}{10}$ af upphaflegu eigin fé sjóðsins að frádregnum höfuðstól, sbr. 2. gr.

Stjórn.

8. gr.

Í stjórn Vörubröunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins eiga sæti fjórir menn og fjórir til vara. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi skulu hvort um sig tilnefna tvo stjórnarmenn og tvo til vara til tveggja ára í senn. Stjórnin skal kjósa sér formann.

9. gr.

Sjóðstjórn heldur fundi þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

10. gr.

Sjóðstjórn skal setja sér starfsreglur. Hún stýrir daglegum rekstri sjóðsins og ræður öllum málefnum hans til lykta með þeim takmörkunum sem greindar eru í skipulagsskrá þessari. Sjóðstjórn ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum sjóðsins, eins og þeim er lýst í 3. og 4. gr. á undan, verði náð að svo miklu leyti sem kostur er.

11. gr.

Sjóðstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra Vörubröunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins sem verði gjaldkeri sjóðsins, hafi prókúumboð og sjái um bókhald og fjárreiður sjóðsins eða ákveði vistun sjóðsins á annan hátt. Sjóðstjórn skal fela löggiltum endurskoðanda að annast endurskoðun bókhalds.

12. gr.

Sjóðstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskránni. Á staðfestingardegi skal Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútvegsins taka til starfa.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjávarútvegsráðherra og tekur breytingin gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

14. gr.

Sjóður þessi verður lagður niður sé stjórn hans einhuga um það og að fenginni umsögn sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðuneytið tekur þá við öllum eigum sjóðsins til ráðstöfunar og varðveislu. Eignunum verður aðeins ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins sbr. 3. og 4. gr.

Þorsteinn Pálsson,
sjávarútvegsráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. ágúst 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Búðahrepps nr. 468/1990.**

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldir nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Auk þess sinni ráðið málum sem áður heyrðu undir atvinnumálanefnd og getur skipað starfshópa í sérstök verkefni sem lúta að atvinnumálum. Ráðið skal því fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Það leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku.

2. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni er falið skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Umhverfis- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hún fer með bygginga- og skipulagsmál skv. skipulags- og byggingarlögum. Einnig fer nefndin með